

Tilvísanir í Stjórnartíðindi

Engar ákveðnar reglur eru til um hvernig vísa skuli til efnis sem birtist í **Stjórnartíðindum**. Meginatriðið er að auðvelt sé að finna það efni sem vísað er til og að fyllsta samræmis sé gætt.

Lögfræðingar vísa yfirleitt í lög, reglugerðir eða auglýsingar með númeri og ártali:

Lög nr. 20/1986
Reglugerð nr. 6/1984
Auglýsing nr. 13/1984

Í **Stjórnartíðindum** er efni í töluröð eftir því hvenær það tekur gildi. Þess vegna er aðeins vísað til númers og árs en dagsetningu og blaðsíðutali sleppt.

Dæmi um vísun til *Stjórnartíðinda* á nákvæman hátt í heimildaskrá:

A-deild

Lög

Lög um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri nr. 9/1984. [Stjórnartíðindi](#) 1984. A-deild, bls. 15-20.

Tilskipanir

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1984 nr. 105/1984, [Stjórnartíðindi](#) 1984. A-deild, bls. 247.

Auglýsingar

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands nr. 106/1984. [Stjórnartíðindi](#) 1984. A-deild, bls. 247.

B-deild

Reglugerðir

Reglugerð vegna eftirlits með afla og úthaldi á fiskveiðum nr. 6/1984. [Stjórnartíðindi](#) 1984. B-deild, bls. 4.

Auglýsingar

Auglýsing um friðland í Gróttu nr. 12/1984. [Stjórnartíðindi](#) 1984. B-deild, bls. 7-9.

C-deild

Auglýsing um Stokkhólmsgerð Parísarsamnings um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar nr. 17/1984. [Stjórnartíðindi](#) 1984. C-deild, bls. 74-88.

Lögbirtingablað

Lögbirtingablað hefur komið út frá árinu 1908. Það er gefið út af dómsmálaráðuneytinu. Blaðið kemur út bæði í prentuðu formi og á rafrænu formi á [logbirtingablad.is](#).

Lögbirtingablaði er ætlað að birta dómsmálaauglýsingar svo sem:

- opinberar stefnur til dóms
- úrskurði um töku búa til opinberra skipta
- áskoranir um kröfulýsingar
- auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa
- nauðungaruppböð
- auglýsingar um vogrek, óskilafé, fundið fé
- auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðis-sviptingu og brottfall hennar
- lögboðnar auglýsingar um félög, firmu, vörumerki, opinber verðlagsákvæði, stöður, sérleyfi o.fl. sem stjórnvöld veita og rétt þykir að birta almenningi.



Um Stjórnartíðindi

Stjórnartíðindi 1874–1943

Á árunum 1874–1943 hét ritið **Stjórnartíðindi** fyrir Ísland og skiptist þá í tvær deildir:

A-deild: lög og tilskipanir

B-deild: úrskurðir frá konungi

A-deildin kom út á íslensku og dönsku til ársins 1918 en **B-deildin** aðeins á íslensku.

Frá 1944 hafa **Stjórnartíðindi** verið gefin út af dóms- málaráðuneytinu. Þau koma út í tölusettum og dagsettum blöðum og heftum sem er safnað saman jafnóðum í stærri hefti og að lokum í ársbindi.

Stjórnartíðindi hafa komið út í þremur deildum frá árinu 1962:

A-deild: lög, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem gefnar eru út af æðsta handhafa framkvæmdavaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

B-deild: reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikningar sjóða ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út.

C-deild: samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Fram til ársins 1962 birtust auglýsingar varðandi milliríkjasamninga í **A-deild Stjórnartíðinda**.

Efnisyfirlit Stjórnartíðinda

A- og B- deild

Í ársbindunum eru eftirtalin yfirlit:

A-deild: efnisyfirlit í tímaröð yfirlit eftir málaflokkum

B-deild: efnisyfirlit í tímaröð yfirlit eftir málaflokkum skrá nafna og orða

Efnisyfirlit yfir efni **A- og B-**deildar eru einnig til í sérheftum fyrir tímabilin:

1874-1903	1936-1950
1904-1915	1951-1961
1916-1925	1962-1970
1926-1935	1971-1980

Fremst er yfirlit um efnisröð, síðan koma málaflokkarnir í **stafrófsröð** og er efni innan þeirra í **tímaröð**. Ennfremur er **mannanafnaskrá**, sem tekin er upp úr málaflokkunum embætti, sýslanir, heiðursmerki og heiðursgjafir.

C-deild

Í ársbindunum er efnisyfirlit **C-deildar** í tímaröð.

Annað hvert ár, á árunum 1962–1986, var birt heildarskrá um gildandi samninga Íslands við önnur ríki. Hún er bæði á íslensku og ensku og skiptist í tvo hluta:

- I. Alþjóðasamningar og samningar við fleiri en eitt ríki
- II. Samningar við einstök ríki

Í þessari skrá er ýmist vísað í:

- eldri hefti **C-deildar** fyrir samninga sem tóku gildi 1962 og síðar.
- Samninga Íslands við erlend ríki sem taldir í gildi í árslok 1961* (kom út í 2 b. í útgáfu Helga P. Briem árið 1963).

Stjórnartíðindavefurinn

Vefurinn **stjornartidindi.is** er opinn öllum án endurgjalds. Skv. 7. gr. laga nr. 15/2005 er gildistaka laga og annarra fyrirmæla bundin við rafræna útgáfu **Stjórnartíðinda** (í pdf sniði) en var samkvæmt eldri lögum bundin við prentaða útgáfu þeirra. **Stjórnartíðindi** eru gefin út bæði í prentuðu og á rafrænu formi.

Á Stjórnartíðindavefnum eru **Stjórnartíðindi A- og B-deild** í rafrænni útgáfu frá árinu 2001. Yfirlit eru eftir ártölum, flokkum og stofnunum. **C-deild** er frá árinu 1995 með yfirlitum eftir ártölum og flokkum.

Lagasafn

Lög öðlast gildi við birtingu í **A-deild Stjórnartíðinda** (pdf-skjal). Gildandi lög er að finna í Lagasafni á vef Alþingis og er það uppfært a.m.k. tvisvar á ári. Þar eru einnig eldri útgáfur, skrár yfir brottfallin lög og endurútgefin, lög samþykkt á Alþingi, ásamt tengingum við ræður og þingskjöl. Hægt er að leita í Lagasafni eftir orðum í texta, lagaheitum, númerum og skoða einstaka kafla.

Reglugerðasafn

Reglugerðir eru birtar í **B-deild Stjórnartíðinda** og öðlast þar með gildi. Heildarsafn gildandi reglugerða er að finna á vefnum **reglugerd.is** og er það uppfært reglulega. Þeim sem falla úr gildi er haldið til haga og breytingareglugerðum er raðað í tímaröð með þeim reglugerðum sem þær breyta. Hægt er að gera orðaleit í texta reglugerða, leita að númeri þeirra, heiti eða dagsetningu og finna reglugerðir einstakra ráðuneyta.